

Ágæti þátttakandi

Fyrst vil ég bjóða þig velkominn námskeið Sjúkraflutningaskólans í Vettvangshjálpi (First Responder) fyrir Slökkvilið Grindavíkur haustið 2023.

Námskeiðið er byggt á viðurkenndum bandarískum staðli og er ætlað þeim sem eru líklegir til að þurfa að sinna slösuðum og/eða veikum sjúklingum þar til heilbrigðisstarfsfólk tekur við. Námskeiðið byggist upp á bóklegum fyrirlestrum og verklegum æfingum og lýkur með verklegu og bóklegu prófi.

Kennslubókin er þessi: American Academy of Orthopaedic Surgeons (AAOS), (2018). Emergency medical responder, 6. útgáfa. Jones & Bartlett Learning. (fæst í Bóksölu Stúdenta)

Mikilvægt er að lesa hana jafnhliða áhorfi á fyrirlestra og verður að vera búið að tileinka sér efnið úr hvorutveggja áður en mætt er í verklega lotu.

Krafist er 75% árangurs úr námsefninu auk skylduáhorfs á fyrirlestra og 100% mætingar í verklegar æfingar og fá nemendur prófskírteini af loknu námskeiði.

Með þessum pósti fáið þið aðgang að Moodle kennslukerfinu þar sem þið komist í alla fyrirlestrana 22 klst!. Þar eru allir kaflarnir í röð. Undir hverjum kafla finnið þið fyrirlestrana .

Til að komast inn í Moodle þá farið inn á þessa slóð:

<https://moodle.ems.is/>

Notendanafn er netfangið ykkar.

Lykilorðið er GSM númerið ykkar

Eftir að þið eruð komnir inn getið þið skipt um lykilorð.

Mælt er með því að þið skipuleggið tímann ykkar vel og minnt er á að við áhorf á fyrirlestrana þarf nemandi að einbeita sér og ekki gera neitt annað á meðan! Gott að nota heyrnartól til að útiloka annan hávaða eða truflun. Gott er að fletta bókinni samhliða.

Þetta er mikið efni, sem þarf að fara yfir og þarf að gjörnýta tímann.

Þegar mætt er á verklega lotu er ætlast til að nemendur séu tilbúnir og búnir að tileinka sér það bóklegaefni sem farið hefur verið yfir.

Verklegar lotur fara fram á Slökkvistöð Brunavarna Suðurnesja í Sandgerði, Strandgötu 17 dagana 11, 12 og 13 desember. Þá verða einnig bókleg og verkleg próf. Kennt er frá 8.-17 alla daga en líklegra styttra síðasta daginn v. verklegra prófa. Umsjónarmenn í Sandgerði eru þeir Aron Rúnarsson og Bjarni Rúnar Rafnsson bráðataeknar hjá Brunavörnum Suðurnesja. Hægt verður að horfa / hlusta á fyrirlestra á tímabilinu þar til verklegri lotu er lokið.

Með von um gott gengi og góða skemmtun á námskeiðinu.

Með kveðju

Ingimar Eydal

Skólastjóri Sjúkraflutningaskólans

Sími 463 0853